Norðurlandaráð

C 5/kk

Afgreiðsla:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer: 16-00198-4

Nefndarálit eftirlitsnefndar um

skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Norræna menningarsjóðsins 2015

Tillaga

Eftirlitsnefndin leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

að færa til bókar reikninga og endurskoðunarskýrslu vegna Norræna menningarsjóðsins 2015

Aðdragandi

Ríkisendurskoðun Danmerkur leggur fram endurskoðunarskýrslu um Norræna menningarsjóðinn (NKF) fyrir reikningsárið 2015 ásamt dönskum þingmanni samkvæmt reglum Norðurlandaráðs.

Ársreikningur fyrir árið 2015 sýnir afgang sem nemur 0,8 milljónum danskra króna (m.d.kr.) sem er 0,9 m.d.kr. hærra en á árinu 2014. Hækkunina má meðal annars rekja til þess að umsóknir voru færri. Ástæða er til að veita því athygli að framlag frá Norrænu ráðherranefndinni lækkaði um 0,2 m.d.kr. á síðasta ári. Vegna breytinga sem gerðar voru á síðasta ári er reksturinn nú í jafnvægi. Það á meðal annars við um innri verkefni sem lækkuðu um 0,3 m.d.kr. og ytri verkefni sem lækkuðu um 1,7 m.d.kr.

Veittir voru samtals 211 verkefnisstyrkir (af 777 umsóknum) árið 2015 en árið 2014 voru þeir 200 (af 851 umsókn). Varðandi árið 2014 benti endurskoðunin á að bætt hafi verið úr verkferlum varðandi verkefni sem nema 200.001 d.kr. og ekki eru endurskoðunarskyld. Hvað síðasta ár varðar er það mat endurskoðunar að þeir séu nú enn betri og tryggi að fjármagn sé nýtt eins og best verður á kosið.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er sú að ársreikningur NKF gefi rétta mynd af starfsemi og fjárhagsstöðu Norræna menningarsjóðsins 31. desember 2015 og niðurstöðu fyrir starfsemi sjóðsins reikningsárið 1. janúar - 31.

desember 2015. Að mati endurskoðunar hefur verið tekið upp innra eftirlit sem stuðlar að því að ráðstafanir sem ársreikningur getur um séu í samræmi við lög og reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.

Sjónarmið eftirlitsnefndarinnar

Ríkisendurskoðun Danmerkur leggur ekki fram tilmæli né gerir athugasemdir varðandi starfsemi NKF á árinu 2015. Eftirlitsnefndin tekur undir þessa afstöðu og staðfestir að reikningar menningarsjóðsins séu í samræmi við gildandi reglur og gefi rétta mynd af fjárhagsstöðu Norræna menningarsjóðsins 31. desember 2015.

Stokkhólmi, 27. september 2016

Christian Poll (Alternativet)
Eva Sonidsson (S)
Jan Erik Messmann (DF)
Jan Lindholm (MP), formaður
Ruth Mari Grung (A)
Susanna Koski (saml)